Reglugerð

um breytingu á reglugerð nr. 1520/2025 um upplýsingaöflun og upplýsingaskipti vegna sýndareigna.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

1. Orðið „sanngjarnt“ í d-, e-, g-, h- og i-lið 3. tölul. 1. mgr. og í 1. máls. 5. mgr. fellur brott.
2. Við 5. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi:

   Hafi þjónustuveitandi sýndareigna sem veitir skýrslugjöf umreiknað markaðsvirði viðkomandi viðskipta með öðrum hætti en á grundvelli skráa hans um mótverð sýndareignar í lögeyri skal hann tilgreina aðferðina sem notuð var fyrir hverja tegund viðkomandi sýndareignar.
3. Á eftir 7. mgr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

   Fjárhæðir sem þjónustuveitandi sýndareigna sem veitir skýrslugjöf hefur greitt eða móttekið og skýra skal frá í skýrsluskilum til ríkisskattstjóra skv. 3. tölul. 1. mgr. skulu vera tilgreindar að frádregnum færslugjöldum.

2. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar bætast þrír nýir stafliðir, svohljóðandi:

a. Breyting á aðstæðum felur í sér hvers kyns breytingu sem leiðir til þess að upplýsingar sem skipta máli bætast við, eða sem á annan hátt stangast á við stöðu notanda sýndareigna sem er einstaklingur, sem og hvers kyns breytingu eða viðbót upplýsinga við prófíl (snið) einstaklingsins ef sú breyting eða viðbót hefur áhrif á stöðu hans. Í þessu skyni skal þjónustuveitandi sýndareigna sem veitir skýrslugjöf meta hvort nýjar upplýsingar, sem aflað er um prófíl einstaklingsins í tengslum við nýja áreiðanleikakönnun skv. verklagsreglum vegna aðgerða gegn peningaþvætti og/eða til að kanna deili á viðskiptavini (e. AML/KYC Procedures) eða öðrum reglubundnum skyldum, feli í sér nýjar upplýsingar sem teljast breyting á aðstæðum. Breyting á aðstæðum sem hefur áhrif á sjálfvottun sem afhent hefur verið þjónustuveitanda sýndareigna sem veitir skýrslugjöf fellir úr gildi sjálfvottunina að því er varðar þær upplýsingar sem ekki eru lengur áreiðanlegar, þar til upplýsingarnar hafa verið uppfærðar.

b. Ef þjónustuveitandi sýndareigna sem veitir skýrslugjöf, sem varðveitir sjálfvottunina, veit eða hefur ástæðu til að vita að aðstæður sem hafa áhrif á réttmæti sjálfvottunarinnar hafa breyst fellur sjálfvottunin úr gildi samdægurs. Þrátt fyrir það getur þjónustuveitandi sýndareigna sem veitir skýrslugjöf ákveðið að líta svo á að einstaklingur hafi sömu stöðu og hann hafði fyrir breytingu á aðstæðum þar til 90 almanaksdagar eru liðnir frá þeim degi sem sjálfvottunin varð ógild vegna breytingar á aðstæðum eða staðfesting fæst á áframhaldandi gildi sjálfvottunarinnar eða ný sjálfvottun hefur verið aflað, hvort sem fyrr gerist. Berist þjónustuveitanda sýndareigna sem veitir skýrslugjöf ekki staðfesting á gildi upprunalegu sjálfvottunarinnar eða gilt sjálfvottunarskjal innan þessa 90 daga tímabils, skal hann líta svo á að notanda sýndareigna sem er einstaklingur sé heimilisfastur í því lögsagnarumdæmi eða þeim lögsagnarumdæmum sem hann kvaðst vera heimilisfastur í samkvæmt upprunalegu sjálfvottuninni, sem og í því lögsagnarumdæmi eða þeim lögsagnarumdæmum þar sem hann kann að vera heimilisfastur vegna breytingarinnar á aðstæðum. Þjónustuveitanda sýndareigna sem veitir skýrslugjöf getur stuðst við sjálfvottun án þess að þurfa að kanna mögulegar breytingar á aðstæðum sem kunna að hafa áhrif á gildi hennar, nema hann viti eða hafi ástæðu til að vita að aðstæður hafi breyst.

c. Þjónustuveitandi sýndareigna sem veitir skýrslugjöf getur litið á sjálfvottun sem gilda þrátt fyrir að hún innihaldi óverulega villu, að því tilskildu að hann hafi yfir að ráða fullnægjandi

gögnum sem bæta upp þær upplýsingar sem vantar í sjálfvottunina vegna villunnar. Í slíkum tilvikum verða þau gögn sem stuðst er við til að leiðrétta hina óverulegu villu að vera óyggjandi.

3. gr.

1. Við b-lið 2. tölul. 1. mgr., 5. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málsliður svohljóðandi:
   Ef ekki er unnt að sannreyna réttmæti sjálfvottunar skal þjónustuveitandi sýndareigna sem veitir skýrslugjöf afla annað hvort (i) gilda sjálfvottun eða (ii) skynsamlegar skýringar ásamt gögnum eftir því sem við á sem staðfesta gildi sjálfvottunarinnar áður en hann framkvæmir viðkomandi viðskipti fyrir notanda sýndareigna sem er eining. Styðjist þjónustuveitandi sýndareigna sem veitir skýrslugjöf við skynsamlegar skýringar og gögn í þessu sambandi skal hann varðveita afrit af þeim skýringum og gögnum.
2. Við 3. tölul. 1. mgr., í 5. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málsliður svohljóðandi:
   Ef breytingar hafi orðið á aðstæðum notanda sýndareigna sem er eining eða stjórnandi aðilum einingarinnar, sem leiðir til þess að þjónustuveitandi sýndareigna sem veitir skýrslugjöf veit eða hefur ástæðu til að vita, að sjálfvottun eða önnur skjöl sem tengjast einingunni eða stjórnandi aðilum hennar séu röng eða óáreiðanleg, getur þjónustuveitandi sýndareigna sem veitir skýrslugjöf ekki treyst upphaflegu sjálfvottuninni og verður að endurmeta stöðu sjálfvottunarinnar.

4. gr.

Við 1. tölul. 7. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Þjónustuveitandi sýndareigna sem veitir skýrslugjöf getur ekki treyst sjálfvottun hafi breyting orðið á aðstæðum skv. 2. tölul. 4. gr. og 3. tölul. 5. gr. og skal hann þá afla annaðhvort (i) gilda sjálfvottun sem staðfestir heimilisfesti í skattalegu tilliti hjá notanda sýndareigna sem er einstaklingur eða (ii) skynsamlegar skýringar ásamt gögnum eftir því sem við á sem staðfesta gildi upphaflegu sjálfvottunarinnar. Styðjist þjónustuveitandi sýndareigna sem veitir skýrslugjöf við skynsamlegar skýringar og gögn í þessu sambandi skal hann varðveita afrit af þeim skýringum og gögnum. Þjónustuveitandi sýndareigna sem veitir skýrslugjöf skal koma á verklagsreglum til að tryggja að hann auðkenni allar breytingar sem fela í sér breytingar á aðstæðum.

5. gr.

Við a-lið 11. tölul. 11. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málsliður svohljóðandi:

Hugtakið „óvirkar tekjur“ tekur til þess hluta af heildartekjum sem samanstanda af tekjum skv. 1. - 8. tölul. C-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

6. gr.

Við 15. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þjónustuveitandi sýndareigna sem veitir skýrslugjöf skal halda skrá yfir þær ráðstafanir sem gerðar voru og öll gögn sem stuðst var við vegna áreiðanleikakönnunar skv. III. kafla og flokkun á viðkomandi viðskiptum, sýndareignum og viðkomandi sýndareignum skv. IV. kafla.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 9. mgr. 92. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, tekur þegar gildi.